

Fyrirspurn

til viðskiptaráðherra um reglur um laun og kjör stjórnarmanna og æðstu stjórnenda.

Frá Jónönnu Sigurðardóttur.

1. Telur ráðherra rétt að í reglum um upplýsingagjöf varðandi laun stjórnenda og stjórnarmanna hjá lífeyrissjóðum og lánastofnunum og fyrirtækjum verði einnig kveðið á um upplýsingagjöf um starfslokasamninga og þar sem við á um kaupréttarsamninga með líkum hætti og nú er í reglum kauphallarinnar, og hyggst ráðherra beina tilmælum til Fjármálaeftirlitsins um að það verði gert?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að reglur verði settar um upplýsingagjöf í ársreikningum tryggingafélaga varðandi laun og önnur launakjör stjórnenda og stjórnarmanna, þ.m.t. lífeyrisréttindi og starfslokasamninga, á grundvelli 5. mgr. 44. gr. laga um vátryggingastarfsemi, nr. 60/1994, líkt og nú er í reglum kauphallarinnar og gildir um skráð félög þar?